

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Nuwiq 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Nuwiq 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Nuwiq 1000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Nuwiq 2000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Nuwiq 2500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Nuwiq 3000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Nuwiq 4000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

2. INNIHALDSLÝSING

Nuwiq 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 250 tilgreindar a.e. af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Eftir blöndun inniheldur Nuwiq 250 a.e. um það bil 100 a.e./ml af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Nuwiq 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 500 tilgreindar a.e. af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Eftir blöndun inniheldur Nuwiq 500 a.e. um það bil 200 a.e./ml af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Nuwiq 1000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 1000 tilgreindar a.e. af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Eftir blöndun inniheldur Nuwiq 1000 a.e. um það bil 400 a.e./ml af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Nuwiq 2000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 2000 tilgreindar a.e. af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Eftir blöndun inniheldur Nuwiq 2000 a.e. um það bil 800 a.e./ml af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Nuwiq 2500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 2500 tilgreindar a.e. af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Eftir blöndun inniheldur Nuwiq 2500 a.e. um það bil 1000 a.e./ml af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Nuwiq 3000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 3000 tilgreindar a.e. af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Eftir blöndun inniheldur Nuwiq 3000 a.e. um það bil 1200 a.e./ml af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Nuwiq 4000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas inniheldur 4000 tilgreindar a.e. af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Eftir blöndun inniheldur Nuwiq 4000 a.e. um það bil 1600 a.e./ml af storkuþætti VIII úr mönnum (rDNA), simoctocog alfa.

Virkin (a.e.) er ákvörðuð með litmyndunarprófi (e. chromogenic assay) samkvæmt Evrópsku lyfjaskránni. Eðlisvirkni Nuwiq er u.þ.b. 9.500 a.e./mg af prótíni.

Simoctocog alfa (storkupáttur VIII úr mönnum (rDNA)) er hreinsað prótín sem inniheldur 1.440 amínósýrur. Amínósýruröðin er sambærileg við 90 + 80 kDa form storkupáttar VIII í plasma úr mönnum (þ.e. með eyddu B-hneppi (e. B-domain deleted)). Nuwiq er framleitt með raðbrigða erfðataekni í erfðabreyttum nýrnafrumum úr fósturvísunum úr mönnum (HEK) 293F. Engum efnum úr dýrum eða mönnum er bætt við í framleiðsluferlinu eða í endanlega lyfið.

Hjálparefni með þekkta verkun

Einn ml af blandaðri lausn inniheldur 7,35 mg af natríum (18,4 mg af natríum í hverju hettuglasi). Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyfsstofn og leysir, lausn.

Stungulyfsstofn: Hvítt til beinhvítt auðmulið duft.

Leysir: tær, litlaus vökvi.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Til að meðhöndla og fyrirbyggja blæðingar hjá sjúklingum með dreyrasyki A (meðfæddan skort á storkupætti VIII).

Nuwiq má nota í öllum aldurshópum.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Meðferð skal vera undir eftirliti læknis með reynslu í meðferð dreyrasyki.

Eftirlit með meðferð

Meðan á meðferð stendur er mælt með því að gerðar séu viðeigandi mælingar á gildum storkupáttar VIII til að ákvarða skammta og tíðni endurtekinnna innrennsla. Svörun við gjöf storkupáttar VIII getur verið mismunandi milli sjúklinga, bæði hvað varðar helmingunartíma og heimtur. Skömmtum sem miðaðir eru við líkamsþyngd gæti þurft að breyta hjá sjúklingum í undir- og yfirþyngd. Þegar um er að ræða stærri skurðaðgerðir er nákvæmt eftirlit með uppbótarmeðferðinni með mælingum á blóðstorknun (virkni storkupáttar VIII í plasma) afar mikilvægt.

Þegar notast er við *in vitro* einsstigs storkupróf sem byggist á tromboplastíntíma (aPTT) til að mæla virkni storkupáttar VIII í blóðsýnum sjúklinga getur bæði tegund aPTT-prófefnis og tilvísunarstaðallinn sem notaður er í greiningunni haft marktæk áhrif á niðurstöður mælinga á virkni storkupáttar VIII. Einnig getur marktækt misræmi verið á milli prófunarniðurstaðna sem fengnar eru með einsstigs storkuprófi sem byggist á tromboplastíntíma og litmyndunarprófi samkvæmt Evrópsku lyfjaskránni. Þetta hefur einkum þýðingu þegar skipt er um rannsóknarstofu og/eða prófefni sem notuð eru í greiningunni.

Skammtar

Skammtur og lengd uppbótarmeðferðar veltur á alvarleika skortsins á storkupætti VIII, staðsetningu og umfangi blæðinga og klínísku ástandi sjúklingsins.

Fjöldi eininga sem gefnar eru af storkupætti VIII er tilgreindur í alþjóðlegum einingum (a.e.) sem tengjast núgildandi WHO-staðli fyrir lyf í formi þykkis sem innihalda storkupátt VIII. Virkni storkupáttar VIII í plasma er ýmist gefin upp í prósentum (í hlutfalli við eðlileg gildi í plasma) eða, æskilega, í alþjóðlegum einingum (í hlutfalli við alþjóðlegan staðal fyrir storkupátt VIII í plasma).

Virgni einnar alþjóðlegrar einingar (a.e.) af storkupætti VIII svarar til magns af storkupætti VIII í einum ml af eðlilegu plasma úr mönnum.

Meðferð eftir þörfum

Útreikningur á nauðsynlegum skammti af storkupætti VIII er byggður á reynslu sem hefur sýnt að 1 alþjóðleg eining (a.e.) af storkupætti VIII á hvert kg líkamsþyngdar auki virkni storkupáttar VIII í plasma um u.þ.b. 2% af eðlilegri virkni eða um 2 a.e./dl. Nauðsynlegur skammtur er ákvarðaður út frá eftirfarandi formúlu:

$$\text{Nauðsynlegar einingar} = \text{líkamsþyngd (kg)} \times \text{æskileg hækkun á storkupætti VIII (\%)} \text{ (a.e./dl)} \times 0,5 \text{ (a.e./kg á hverja a.e./dl)}$$

$$\text{Hækkun á storkupætti VIII sem vænst er (\% af eðlilegu gildi)} = \frac{\text{a.e. gefnar } 2 \times}{\text{líkamsþyngd (kg)}}$$

Magnið sem er gefið og tíðni gjafa á alltaf að taka mið af klínískri virkni hjá viðkomandi sjúklingi.

Í eftirfarandi blæðingartilfellum skal virkni storkupáttar VIII ekki vera minni en uppgefin virknigildi í plasma (í % af eðlilegu gildi eða a.e./dl) á viðkomandi tímabili. Eftirfarandi töflu má nota til leiðbeininga varðandi skömmtun í blæðingartilfellum og við skurðaðgerðir.

| Stig blæðingar/tegund skurðaðgerðar | Nauðsynlegt gildi storkupáttar VIII (%) (a.e./dl) | Skammtatíðni (klst.)/meðferðarlengd (dagar) |
|--|--|--|
| <u>Blæðing</u> | | |
| Snemmkomnar liðblæðingar, blæðingar í vöðva eða í munni | 20–40 | Endurtakið á 12–24 klst. fresti. Að minnsta kosti í 1 dag þar til sársauki vegna blæðinga minnkar eða bata er náð. |
| Umfangsmeyri liðblæðingar, blæðingar í vöðva eða margúll | 30–60 | Endurtakið innrennsli á 12–24 klst. fresti í 3–4 daga eða lengur þar til sársauki minnkar og bráð fötlun er gengin til baka. |
| Lífshættulegar blæðingar | 60–100 | Endurtakið innrennsli á 8–24 klst. fresti þar til hættan er liðin hjá. |
| <u>Skurðaðgerð</u> | | |
| Minniháttar skurðaðgerð, þar með talinn tanndráttur | 30–60 | Á 24 klst. fresti í a.m.k. 1 dag, þar til bata er náð. |
| Stór skurðaðgerð | 80–100 (fyrir og eftir aðgerð) | Endurtakið innrennsli á 8–24 klst. fresti þar til sár hafa gróið nægilega. Meðferð skal síðan haldið áfram í a.m.k. 7 daga í viðbót til að halda virkni storkupáttar VIII í 30% – 60% (a.e./dl). |

Fyrirbyggjandi meðferð

Við fyrirbyggjandi langtímameðferð við blæðingum hjá sjúklingum með alvarlega dreyrasýki A er venjulegur skammtur 20–40 a.e. af storkupætti VIII á hvert kg líkamsþyngdar með 2–3 daga millibili. Aðlaga má meðferðina eftir svörun sjúklingsins.

Í sumum tilfellum, sérstaklega hjá yngri sjúklingum, getur verið nauðsynlegt að hafa styttra á milli skammta eða gefa stærri skammta.

Börn

Skammtarnir eru þeir sömu hjá börnum og unglingum, en þó getur verið nauðsynlegt að hafa styttra á milli skammta hjá börnum og unglingum eða gefa þeim stærri skammta. Fyrirliggjandi upplýsingar eru tilgreindar í köflum 4.8, 5.1 og 5.2.

Lyfjagjöf

Nuwiq er til notkunar í bláæð.

Ekki er ráðlagt að gefa meira en 4 ml á mínútu.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Ofnæmi

Eins og við á um öll prótínlyf sem gefin eru í bláæð geta komið fram ofnæmisviðbrögð. Nuwiq inniheldur leifar af prótínum hýsilfrumu úr mönnum öðrum en storkupætti VIII. Ef ofnæmiseinkenni koma fram skal ráðleggja sjúklingum að hætta tafarlaust notkun lyfsins og hafa samband við lækinn. Upplýsa skal sjúklinga um fyrstu einkenni ofnæmisviðbragða, þ. á m. ofsakláða, útbreiddan ofsakláða, þyngsli fyrir brjósti, önghljóð, lágbrýsting og bráðaofnæmi.

Ef um lost er að ræða skal veita viðeigandi meðferð við losti.

Mótefni

Myndun hlutleysandi mótefna (hemla) gegn storkupætti VIII er þekkt vandamál við meðferð sjúklinga með dreyrasýki A. Venjulega eru þessi mótefni IgG ónæmisglóbúlín sem beinast gegn storkunarvirkni storkupáttar VIII og magnið gefið upp sem fjöldi Bethesda-eininga (BE) í hverjum ml af plasma með því að nota breytta greiningu. Hættan á myndun mótefnis er í beinu samhengi við alvarleika sjúkdómsins og það magn af storkupætti VIII sem er gefið, mesta hættan er fyrstu 20 dagana eftir gjöf. Í mjög sjaldgæfum tilfellum geta mótefnin myndast eftir fyrstu 100 daga meðferðar.

Fram hafa komið tilvik þar sem mótefni (lágur títri) myndast aftur þegar skipt er úr einu lyfi með storkupætti VIII yfir í annað hjá sjúklingum sem áður höfðu fengið meðferð lengur en í 100 daga og sem áður höfðu myndað mótefni. Því er ráðlagt að fylgjast náið með öllum sjúklingum vegna mótefna í kjölfar hvers kyns skipta á lyfjum.

Klínískt mikilvægi mótefnamyndunar fer eftir títra mótefnisins, þar sem mótefni með lágan títra sem eru tímabundið til staðar eða títri helst stöðugt lágur hafa í för með sér minni hættu á ófullnægjandi klínískri svörun en mótefni með háan títra.

Almennt séð skal fylgjast vandlega með öllum sjúklingum í meðferð með lyfjum sem innihalda storkupátt VIII vegna myndunar mótefna, með viðeigandi klínískum skoðunum og prófum á rannsóknarstofum. Ef ekki næst sú virkni storkupáttar VIII í plasma sem vænst er, eða ef ekki hefur tekist að ná stjórn á blæðingu með viðeigandi skammti, skal framkvæma próf til að kanna hvort mótefni gegn storkupætti VIII sé til staðar. Hjá sjúklingum sem hafa mikið magn af mótefnum kann meðferð með storkupætti VIII að vera árangurslaus og íhuga ber önnur meðferðarúræði. Meðferð slíkra sjúklinga skal vera undir stjórn lækna með reynslu af meðhöndlun sjúklinga með dreyrasýki og mótefni storkupáttar VIII.

Hjarta- og æðakvillar

Hjá sjúklingum með sögu um áhættuþætti í hjarta og æðum kann uppbótarmeðferð með storkupætti VIII að auka hættu á hjarta- og æðasjúkdómum.

Fylgikvillar tengdir notkun holleggs

Ef þörf er á miðlægum bláæðalegg (e. central venous access device, CVAD) skal íhuga aukna hættu á fylgikvillum honum tengdum, þ.m.t. staðbundnar sýkingar, blóðsýkingu og segamyndun á íkomustað.

Sterklega er mælt með því að í hvert sinn sem sjúklingi er gefið Nuwiq sé nafn og lotunúmer lyfsins skráð til að tryggja að hægt sé að tengja sjúkling og framleiðslulotu lyfsins.

Börn

Varnaðarorðin og varúðarreglurnar sem talin eru upp eiga bæði við um börn og unglinga.

Atriði er varða hjálparefni (natríuminnihald)

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverju hettuglasi.

Samt sem áður gæti sjúklingi verið gefið meira en eitt hettuglas en það fer eftir líkamsþyngd og skömmtum (upplýsingar um innihald í hverju hettuglasi má finna í kafla 2).

Þetta skal hafa í huga hjá sjúklingum á natríumskertu fæði.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á milliverkunum við Nuwiq.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Ekki hafa verið gerðar æxlunarrannsóknir á dýrum með Nuwiq.

Þar eð dreyrasýki A er mjög sjaldgæf hjá konum er reynsla varðandi notkun á storkupætti VIII á meðgöngu og meðan á brjóstgjöf stendur ekki fyrir hendi. Nuwiq ætti því aðeins að nota á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf ef það er greinilega nauðsynlegt. Engar upplýsingar um frjósemi liggja fyrir.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Nuwiq hefur engin áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Ofnæmi eða ofnæmisviðbrögð (sem geta verið ofsabjúgur, bruna- og stungutilfinning á innrennslisstað, hrollur, roði, höfuðverkur, ofsakláði, lágþrýstingur, svefnhöfgi, ógleði, útbrot, órói, hraðtaktur, þyngsli fyrir brjósti, náladofi, ofsakláði, þ.m.t. útbreiddur ofsakláði, uppköst og önghljóð) hafa mjög sjaldan komið fram við notkun á blöndum sem innihalda storkupátt VIII en geta í sumum tilfellum þróast í alvarlegt bráðaofnæmi (þ. á m. lost).

Myndun hlutleysandi mótefni (hemla) getur komið fram hjá sjúklingum með dreyrasýki A sem fá meðferð með storkupætti VIII, þ.m.t. Nuwiq. Ef slík mótefni myndast mun ástandið lýsa sér sem ófullnægjandi klínísk svörum. Í slíkum tilvikum er mælt með því að hafa samband við sérhæfða blæðaramiðstöð.

Tafla yfir aukaverkanir

Meðan á klínískum rannsóknum með Nuwiq stóð hjá börnum (2-11 ára, n = 58), unglíngum (12-17 ára, n = 3) og fullorðnum (n = 129) sjúklingum með alvarlega dreyrasýki A, sem höfðu fengið meðferð áður, var tilkynnt um samtals 12 aukaverkanir (8 hjá fullorðnum og 4 hjá börnum) hjá 8 sjúklingum (4 fullorðnir og 4 börn).

Tafla 1 hér að neðan er sett fram samkvæmt MedDRA-flokkunarkerfinu (flokkun eftir líffærum og viðeigandi heiti).

Tíðni hefur verið skilgreind á eftirfarandi hátt: Mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 1. Tíðni aukaverkana í klínískum rannsóknum

| MedDRA - Flokkun eftir líffærum | Aukaverkanir | Tíðni |
|---|--|---|
| Blóð og eitlar | Blóðleysi vegna blæðingar Hömlun á storkuþætti VIII | Sjaldgæfar* Sjaldgæfar (sjúklingar sem hafa fengið meðferð áður) [#] Mjög algengar (sjúklingar sem ekki hafa fengið meðferð áður) [#] |
| Ónæmiskerfi | Ofnæmi | Algengar* |
| Taugakerfi | Náladofi Höfuðverkur Sundl | Sjaldgæfar* Sjaldgæfar* Sjaldgæfar* |
| Eyru og völundarhús | Svimi | Sjaldgæfar* |
| Meltingarfæri | Munnþurrkur | Sjaldgæfar* |
| Stoðkerfi og stoðvefur | Bakverkur | Sjaldgæfar* |
| Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað | Sóttthiti Bólga á stungustað Verkur á stungustað Lasleiki | Algengar* Sjaldgæfar* Sjaldgæfar* Sjaldgæfar* |
| Rannsóknaniðurstöður | Myndun mótefna sem ekki eru hlutleysandi (hjá sjúklingum sem hafa fengið meðferð áður) | Sjaldgæfar* |
| Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti | Mæði | Sjaldgæfar* |

* Fjöldi reiknaður sem sjúklingar með aukaverkanir af heildarfjölda 280 sjúklinga í rannsókn. Þar af höfðu 190 sjúklingar áður fengið meðferð og 90 sjúklingar ekki fengið meðferð áður.

[#]Tíðni er byggð á rannsóknum með öllum lyfjum með storkuþætti VIII sem tóku til sjúklinga með alvarlega dreyrasýki A.

Lýsing á völdum aukaverkunum

Mótefni sem ekki er hlutleysandi gegn storkuþætti VIII greindist hjá einum fullorðnum sjúklingi (sjá töflu 1). Sýnið var prófað á miðlægri rannsóknarstofu með átta þynningum. Niðurstaðan reyndist aðeins jákvæð við þynningarstuðul 1 og mótefnatítrinn var mjög lágur. Hamlandi virkni, mæld með afbrigði af Bethesda-prófi, greindist ekki hjá þessum sjúklingi. Hjá sjúklingnum komu ekki fram áhrif á klíníska virkni Nuwiq og heimtur *in vivo*.

Börn

Talið er að tíðni, tegund og alvarleiki aukaverkana hjá börnum og unglíngum séu þau sömu og hjá fullorðnum.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Ekki hefur verið tilkynnt um nein tilvik ofskömmunar.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: blæðingalyf, storkupáttur VIII, ATC-flokkur: B02BD02.

Storkufléttan storkupáttur VIII/von Willebrands samanstendur af tveimur sameindum (storkupætti VIII og von Willebrands-storkupætti) sem hafa ólíka lífeðlisfræðilega verkun. Þegar sjúklingum með dreyrasýki er gefið lyfið í æð binst storkupáttur VIII við von Willebrands-storkupátt í blóðrás sjúklingsins. Virkjaður storkupáttur VIII verkar sem fylgipáttur fyrir virkjaðan storkupátt IX við að hraða umbreytingu storkupáttar X yfir í virkjað form storkupáttar X. Virkjaður storkupáttur X breytir prótrombíni í trombín. Trombín breytir síðan fibrínógeni í fibrín og þá getur storkumyndun átt sér stað. Dreyrasýki A er arfgengur sjúkdómur sem erfist með kynlitningi, þar sem truflun verður á blóðstorknun vegna minnkaðs magns af storkupætti VIII:C sem leiðir til mikilla blæðinga inn í liði, vöðva eða innri líffæri, ýmist sjálfkrafa eða vegna áverka sem orsakast af óhöppum eða skurðaðgerðum. Þéttni storkupáttar VIII í plasma hækkar þegar gefin er uppbótarmeðferð, þannig að tímabundin leiðrétting verður á skortinum á storkupætti VIII og tilhneiging til blæðinga minnkar.

Ónæmingargeta Nuwiq var metin í klínískum rannsóknum hjá 190 sjúklingum með alvarlega dreyrasýki A sem höfðu fengið meðferð áður (129 fullorðnir og 61 barn). Enginn sjúklinganna myndaði mótefni.

Fullorðnir og unglingar á aldrinum 12 til 65 ára

Fyrirbyggjandi meðferð: Í klínískri rannsókn hjá 32 fullorðnum sjúklingum með alvarlega dreyrasýki A var miðgildi notkunar á Nuwiq í fyrirbyggjandi meðferð 468,7 a.e./kg/mánuði.

Meðhöndlun blæðinga: Miðgildisskammturinn til að meðhöndla blæðingar þrátt fyrir meðferð (e. break-through bleeding episodes) var 33,0 a.e./kg hjá þessum sjúklingum sem fengu fyrirbyggjandi meðferð. Í annarri klínískri rannsókn fengu 22 fullorðnir sjúklingar meðferð eftir þörfum. Alls voru 986 blæðingartilfelli meðhöndluð með miðgildisskammtinum 30,9 a.e./kg. Almennt þurfti aðeins minni miðgildisskammta til að meðhöndla minniháttar blæðingar og allt að þrefalt hærri miðgildisskammta til að meðhöndla alvarlegri blæðingar.

Einstaklingsmiðuð fyrirbyggjandi meðferð: Einstaklingsmiðuð fyrirbyggjandi meðferð byggð á lyfjahvörfum var metin hjá 66 fullorðnum sjúklingum með alvarlega dreyrasýki A, sem höfðu fengið meðferð áður. Eftir 1-3 mánaða staðlaðan fyrirbyggjandi meðferðarfasa (skömmtun annan hvern dag eða þrisvar í viku) var skipt yfir í meðferðaráætlun sem byggðist á mati á lyfjahvörfum hjá 44 (67%) sjúklingum, og 40 luku 6 mánaða fyrirbyggjandi meðferðinni í samræmi við úthlutaða skammta- og meðferðaráætlun. Af þessum sjúklingum fengu 34 (85%) meðferð tvisvar í viku eða sjaldnar. Þrjátíu og þrír (82,5%) sjúklingar fengu engar blæðingar og 36 (90,0%) sjúklingar fengu engar sjálfkrafa blæðingar. Meðaltal \pm staðalfrávik fyrir blæðingartíðni á ársgrundvelli (median annualised bleeding rate, ABR) var $1,2 \pm 3,9$ og meðaltal \pm staðalfrávik fyrir skammt var $52,2 \pm 12,2$ a.e./kg á inndælingu og $99,7 \pm 25,6$ a.e./kg á viku.

Það skal tekið fram að ekki er hægt að bera blæðingartíðni á ársgrundvelli saman ef um er að ræða mismunandi þykkni sem innihalda storkupátt og mismunandi klínískar rannsóknir.

Börn

Gögnum hefur verið safnað um 29 börn á aldrinum 2-5 ára, 31 barn á aldrinum 6-12 ára og einn 14 ára ungling sem öll höfðu fengið meðferð áður. Miðgildisskammturinn fyrir hvert innrennsli í fyrirbyggjandi meðferð var 37,8 a.e./kg. Tuttugu sjúklingar fengu miðgildisskammta sem voru hærri en 45 a.e./kg. Miðgildi notkunar á Nuwiq í fyrirbyggjandi meðferð fyrir hvern mánuð var 521,9 a.e./kg. Þörf var á hærri miðgildisskammti af Nuwiq til að meðhöndla blæðingar hjá börnum (43,9 a.e./kg) en hjá fullorðnum (33,0 a.e./kg), og nauðsynlegt var að gefa hærri miðgildisskammt til að meðhöndla miðlungs til miklar blæðingar en til að meðhöndla minniháttar blæðingar (78,2 a.e./kg á móti 41,7 a.e./kg). Hjá yngri börnum þurfti alla jafna að gefa hærri miðgildisskammta (6-12 ára: 43,9 a.e./kg; 2-5 ára: 52,6 a.e./kg). Þessar upplýsingar voru staðfestar með langtíma eftirfylgni hjá 49

af þeim börnum sem fengu meðferð á viðbótartímabili sem var að miðgildi u.þ.b. 30 mánuðir (á bilinu 9,5 til 52 mánuðir), á þessu tímabili fengu 45% barnanna engar sjálfkrafa blæðingar.

Framskyggn, opin, klínísk rannsókn á sjúklingum með alvarlega dreyrasyki A (<1% storkuþáttur VIII:C) sem ekki hafa fengið meðferð áður er í gangi.

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á Nuwiq hjá einum eða fleiri undirhópum barna við meðferð á dreyrasyki A (meðfæddum skorti á storkuþætti VIII) (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Fullorðnir

Tafla 2. Lyfjahvarfabreytur Nuwiq (skammtur: 50 a.e./kg) hjá fullorðnum sjúklingum (18-65 ára) með alvarlega dreyrasyki A sem hafa fengið meðferð áður (n = 20)

| Lyfjahvarfabreyta | Lítmyndunarpróf | |
|--------------------------|-------------------------|-------------------|
| | Meðaltal ± Staðalfrávik | Miðgildi (svið) |
| AUC (klst.*a.e./ml) | 22,6 ± 8,0 | 22,3 (8,4 – 38,1) |
| T _{1/2} (klst.) | 14,7 ± 10,4 | 12,5 (5,4 – 55,6) |
| IVR (%/a.e./kg) | 2,5 ± 0,4 | 2,5 (1,7 – 3,2) |
| CL (ml/klst./kg) | 3,0 ± 1,2 | 2,7 (1,5-6,4) |

AUC = flatarmál undir ferli (storkuþáttur VIII:C), T_{1/2} = lokahelmingunartími, IVR = stigvaxandi heimtur *in vivo*, CL = úthreinsun,

Tafla 3. Lyfjahvarfabreytur Nuwiq (skammtur: 50 a.e./kg) hjá börnum á aldrinum 6-12 ára með alvarlega dreyrasyki A sem hafa fengið meðferð áður (n = 12)

| Lyfjahvarfabreyta | Lítmyndunarpróf | |
|-------------------------------|-------------------------|-------------------|
| | Meðaltal ± Staðalfrávik | Miðgildi (svið) |
| AUC (klst.*a.e./ml) | 13,2 ± 3,4 | 12,8 (7,8 – 19,1) |
| T _{1/2} (klst.) | 10,0 ± 1,9 | 9,9 (7,6 – 14,1) |
| IVR (%/a.e./kg) | 1,9 ± 0,4 | 1,9 (1,2 – 2,6) |
| CL (úthreinsun) (ml/klst./kg) | 4,3 ± 1,2 | 4,2 (2,8 – 6,9) |

AUC = flatarmál undir ferli (storkuþáttur VIII:C), T_{1/2} = lokahelmingunartími, IVR = stigvaxandi heimtur *in vivo*, CL = úthreinsun

Tafla 4. Lyfjahvarfabreytur Nuwiq (skammtur: 50 a.e./kg) hjá börnum á aldrinum 2-5 ára með alvarlega dreyrasyki A sem hafa fengið meðferð áður (n = 13)

| Lyfjahvarfabreyta | Lítmyndunarpróf | |
|--------------------------|-------------------------|-------------------|
| | Meðaltal ± Staðalfrávik | Miðgildi (svið) |
| AUC (klst.*a.e./ml) | 11,7 ± 5,3 | 10,5 (4,9 – 23,8) |
| T _{1/2} (klst.) | 9,5 ± 3,3 | 8,2 (4,3 – 17,3) |
| IVR (%/a.e./kg) | 1,9 ± 0,3 | 1,8 (1,5 – 2,4) |
| CL (ml/klst./kg) | 5,4 ± 2,4 | 5,1 (2,3 – 10,9) |

AUC = flatarmál undir ferli (storkuþáttur VIII:C), T_{1/2} = lokahelmingunartími, IVR = stigvaxandi heimtur *in vivo*, CL = úthreinsun

Börn

Samkvæmt heimildum voru heimtur og helmingunartími lægri hjá ungum börnum en hjá fullorðnum og úthreinsunin hærri, sem gæti verið að hluta til vegna þekkts hærri plasmarúmmáls á hvert kílógramm líkamsþyngdar hjá yngri sjúklingum.

Tafla 5. Lyfjahvarfabreytur Nuwiq aðlagðar eftir þyngd (skammtur: 50 a.e./kg) hjá fullorðnum sjúklingum (18-65 ára) með alvarlega dreyrasýki A sem hafa fengið meðferð áður (n = 20)

| Lyfjahvarfabreyta | Allir (n=20) | Eðlileg þyngd (n=14) | Ofþyngd (e. pre-adipose) (n=4) | Offita (e. adipose) (n=2) |
|---|-------------------|----------------------|--------------------------------|---------------------------|
| Litmyndunarpróf, meðaltal ± Staðalfrávik | | | | |
| AUC (klst.*a.e./ml) | 22,6 ± 8,0 | 20,4 ± 6,9 | 24,9 ± 8,9 | 33,5 ± 6,5 |
| T _{1/2} (klst.) | 14,7 ± 10,4 | 14,7 ± 12,1 | 13,4 ± 5,9 | 17,2 ± 4,8 |
| IVR (%/a.e./kg) | 2,5 ± 0,4 | 2,4 ± 0,4 | 2,7 ± 0,4 | 2,8 ± 0,3 |
| CL (ml/klst./kg) | 3,0 ± 1,2 | 3,2 ± 1,3 | 2,6 ± 1,0 | 1,8 ± 0,4 |
| Litmyndunarpróf, miðgildi (svið) | | | | |
| AUC (klst.*a.e./ml) | 22,3 (8,4 – 38,1) | 21,2 (8,4 – 32,6) | 23,3 (17,4 – 35,5) | 33,5 (28,9 – 38,1) |
| T _{1/2} (klst.) | 12,5 (5,4 – 55,6) | 12,3 (5,4 – 55,6) | 11,2 (9,3 – 22,0) | 17,2 (13,8 – 20,6) |
| IVR (%/a.e./kg) | 2,5 (1,7 – 3,2) | 2,4 (1,7 – 3,1) | 2,8 (2,3 – 3,2) | 2,8 (2,6 – 3,0) |
| CL (ml/klst./kg) | 2,7 (1,5 – 6,4) | 2,8 (1,7 – 6,4) | 2,5 (1,6 – 3,7) | 1,8 (1,5 – 2,0) |

Eðlileg þyngd: BMI 18,5-25 kg/m², ofþyngd: BMI 25-30 kg/m², offita: BMI > 30 kg/m²

5.3 Forklínískar upplýsingar

Í forklínískum rannsóknum var Nuwiq notað til að endurheimta storknun með öruggum og áhrifaríkum hætti hjá hundum með dreyrasýki. Eiturefnafræðilegar rannsóknir sýndu fram á að staðbundin gjöf í bláæð og dreifing í blóðrás þoldist vel hjá tilraunadýrum (rottum og cynomolgus-öpum).

Ekki voru gerðar sértækar rannsóknir á Nuwiq með endurteknum gjöfum í lengri tíma eins og rannsóknir á eiturverkun á æxlun, langvinnum eiturverkunum og krabbameinsvaldandi áhrifum vegna ónæmissvörunar við óhliðstæðum prótínum hjá öllum spendýrategundum, að mönnum undanskildum.

Engar rannsóknir voru gerðar á stökkbreytandi áhrifum Nuwiq.

Mat á rannsóknarstofu, sem framkvæmt var með greiningarsetti sem fæst á almennum markaði og ætlað er að ákvarða magn T-frumusvörunar við prótínmeðferð, benti til lítillar hættu á ónæmingargetu.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Stungulyfsstofn

Súkrósi

Natríumklóríð

Kalsíumklóríðdihýdrat

Argínínhýdróklóríð

Natríumsítratdihýdrat

Póloxamer 188

Leysir

Vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

Einungis skal nota meðfylgjandi innrennslisbúnað því meðferðin getur misheppnast vegna viðloðunar storkuþáttar VIII úr mönnum að innra yfirborði sumra inndælingarsetta.

6.3 Geymsluþol

Órofið hettuglas

2 ár

Lyfið má geyma við stofuhita (allt að 25°C) einu sinni á geymslutímabilinu og ekki lengur en í 1 mánuð. Þegar lyfið hefur verið tekið úr kæli má ekki setja það aftur í kæli. Skriðið dagsetninguna á öskjuna þegar byrjað er að geyma lyfið við stofuhita.

Eftir blöndun

Sýnt hefur verið fram á efna- og eðlisfræðilegt geymsluþol lyfsins eftir blöndun í 24 klst. þegar það er geymt við stofuhita.

Frá örverufræðilegu sjónarmiði ætti að nota lyfið strax eftir blöndun. Ef lyfið er ekki notað tafarlaust er geymslutími og ástand þess fyrir notkun á ábyrgð notandans.

Geymið blönduðu lausnina við stofuhita. Má ekki geyma í kæli eftir blöndun.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C – 8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið hettuglasið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Geymsluskilyrði við stofuhita og geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð íláts og innihald

Hver pakking inniheldur:

- 1 hettuglas með 250, 500, 1000, 2000, 2500, 3000 eða 4000 a.e. af simoctocog alfa í hettuglasi úr gleri af gerð 1, lokað með húðuðum brómóbútýltappa og innsiglað með álhettu sem smellt er af
- Leysir: 1 áfyllt sprauta úr bórósílikatgleri sem inniheldur 2,5 ml af vatni fyrir stungulyf
- 1 sæft millistykki fyrir hettuglas til notkunar við blöndun með 1 fiðrildanál og 2 sprittþurrkum

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Aðeins skal blanda stungulyfsstofninn með meðfylgjandi leysi (2,5 ml vatn fyrir stungulyf) og nota til þess meðfylgjandi innrennslisbúnað. Snúið hettuglasinu varlega þar til allt duft er uppleyst. Eftir blöndun skal draga lausnina upp í sprautuna.


Skoða skal blandaða lyfið með berum augum með tilliti til agna og mislitunar áður en það er gefið. Eftir blöndun er lyfið tær, litlaus lausn, laus við aðskotaagnir og hefur pH-gildi 6,5 til 7,5. Ekki má nota lausnir sem eru skýjaðar eða innihalda agnir.

Leiðbeiningar fyrir blöndun og lyfjagiöf


1. Látið sprautuna með leysinum (vatn fyrir stungulyf) og duftið í lokaða hettuglasinu ná stofuhita. Þetta má gera með því að halda þeim milli handanna þar til þau eru jafnheit viðkomu

og hendurnar. Ekki nota neina aðra aðferð til að hita hettuglasið og áfylltu sprautuna. Halda skal þessu hitastigi meðan á blöndun stendur.


2. Fjarlægjið plastsmellhettuna af hettuglasinu með duftinu þannig að miðhluti gúmmítappans sjáist. Ekki fjarlægja gráa tappann eða málmhringinn utan um stút hettuglassins.




3. Þurrkið stútinn á hettuglasinu með sprittþurrku. Látið sprittið þorna.
4. Dragið pappírslokið af umbúðunum utan um millistykki hettuglassins. Ekki taka millistykkið úr umbúðunum.




5. Setjið hettuglasið með duftinu á slétt yfirborð og haldið því. Takið pakkann með millistykkinu og setjið millistykki hettuglassins ofan á miðju gúmmítappans á hettuglasinu sem inniheldur duftið. Ýtið pakkanum með millistykkinu þéttingsfast niður þar til oddurinn á millistykkinu stingst í gegnum gúmmítappann. Þá smellur millistykkið á hettuglasið.




6. Dragið pappírslokið af umbúðunum utan um áfylltu sprautuna. Takið í enda stimpilstangarinnar, snertið ekki stöngina. Festið snittaða endann (með skrúfganginum) á stimpilstönginni við stimpil sprautunnar með leysinum. Snúið stimpilstönginni réttisælis þar til vart verður við örlitla fyrirstöðu.




7. Brjótið innsiglaða plastendan af sprautunni með leysinum með því að smella rifgötunum á hettunni. Snertið ekki hettuna að innanverðu eða enda sprautunnar. Ef ekki á að nota lausnina tafarlaust skal loka fylltu sprautunni með innsiglaða plastendanum og geyma.




8. Takið millistykkið úr umbúðunum og hendið þeim.
9. Tengid sprautuna með leysinum og millistykki hettuglassins fast saman með því að snúa réttisælis þar til fyrirstaða finnst.



10. Ýtið stimpilstönginni hægt niður til að dæla öllum leysinum í hettuglasið með duftinu.



11. Leysið upp duftið með því að hreyfa eða snúa hettuglasinu nokkrum sinnum varlega í hringi án þess að fjarlægja sprautuna. Má ekki hrista. Bíðið þar til allt duftið er leyst upp að fullu.
12. Skoðið endanlegu lausnina gaumgæfilega í leit að ögnum áður en hún er gefin. Lausnin á að vera tær, litlaus og svo gott sem laus við sýnilegar agnir. Ekki má nota lausnir sem eru skýjaðar eða innihalda agnir.
13. Hvolfið hettuglasinu sem er fest við sprautuna og dragið endanlegu lausnina hægt upp í sprautuna. Tryggið að allt innihald hettuglassins fari inn í sprautuna.



14. Takið fylltu sprautuna af millistykki hettuglassins með því að snúa því rangsælis og fargið tóma hettuglasinu.

15. Þá er lausnin tilbúin til notkunar þegar í stað. Má ekki geyma í kæli.
16. Hreinsið valda stungustaðinn með einni af meðfylgjandi þurrkum, vættri í alkóhóli.
17. Festið meðfylgjandi innrennslissett við sprautuna. Stingið nálinni á innrennslisbúnaðinum í bláæðina sem búið var að undirbúa. Ef stasi hefur verið notaður til að gera æðina sýnilegri ætti að losa um hann fyrir inndælingu lausnarinnar. Ekkert blóð má renna inn í sprautuna þar sem það getur leitt til myndunar fíbrínkekkja.
18. Dælið lausninni hægt inn í bláæðina, ekki hraðar en 4 ml á mínútu.

Ef notuð eru fleiri en eitt hettuglas með stungulyfsstofni í einni meðferð má nota sömu nálina aftur. Millistykki hettuglassins og sprautan eru eingöngu einnota.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Octapharma AB
Lars Forssells gata 23
112 75 Stockholm
Svíþjóð

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/14/936/001
EU/1/14/936/002
EU/1/14/936/003
EU/1/14/936/004
EU/1/14/936/005
EU/1/14/936/006
EU/1/14/936/007

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 22. júlí 2014.
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 26. apríl 2019

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.
Upplýsingar á íslensku eru á <http://www.serlyfjaskra.is>.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Octapharma AB
Lars Forssells gata 23
112 75 Stockholm
Svíþjóð

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Octapharma AB
Lars Forssells gata 23
112 75 Stockholm
Svíþjóð

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmarkun áhættu) næst.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

YTRI ASKJA

1. HEITI LYFS

Nuwiq 250 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
simoctocog alfa (raðbrigðastorkuþáttur VIII úr mönnum)

2. VIRK(T) EFNI

1 hettuglas með stungulyfsstofni inniheldur 250 a.e. af simoctocog alfa (100 a.e./ml eftir blöndun).

3. HJÁLPAREFNI

Hjálparefni: Súkrósi, natríumklóríð, kalsíumklóríðdihýdrat, argínínhýdróklóríð, natríumsítratdihýdrat, póloxamer 188
Sjá nánari upplýsingar í fylgiseðli.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

Stungulyfsstofn og leysir, lausn

1 hettuglas með stungulyfsstofni, 1 áfyllt sprauta með 2,5 ml af vatni fyrir stungulyf, 1 millistykki fyrir hettuglas, 1 fiðrildanál, 2 sprittþurrkur

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.
Til notkunar í bláæð eftir blöndun.

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa. Geymið hettuglasið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi. Má geyma við stofuhita (allt að 25°C) í eitt 1 mánaðar tímabil.

Tekið úr kæli: _____

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Octapharma AB
Lars Forssells gata 23
112 75 Stockholm
Svíþjóð

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/14/936/001

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Nuwiq 250

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni.

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC:
SN:
NN:

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

HETTUGLAS MEÐ STUNGULYFSSTOFNI

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Nuwiq 250 a.e. stungulyfsstofn, lausn
simoctocog alfa (raðbrigðastorkuþáttur VIII úr mönnum)
Til notkunar í bláæð eftir blöndun.

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

